

## Skýrsla stjórnar PGA á Íslandi fyrir starfsárið 2010

Á aðalfundi PGA á Íslandi sem haldinn var í Hraunkoti laugardaginn 9. Janúar 2010 var stjórn PGA kjörin með 3 breytingum. Úr stjórn gengu Derrick Moore, Ragnhildur Sigurðardóttir og Arnar Már Ólafsson. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim vel unnin störf. Í þeirra stað komu þeir Björgvin Sigurbergsson, Jóhann Hjaltason og Einar Lyng Hjaltason. Stjórn PGA á Íslandi var því þannig skipuð á starfsárinu:

Sigurpáll Geir Sveinsson	formaður
Björgvin Sigurbergsson	gjaldkeri
Jóhann Hjaltason	ritari
Einar Lyng Hjaltason	menntamál
Ingi Rúnar Gíslason	mótamál



Félagar voru 62 í upphafi árs og telja nú 64 manns. Af þessum félögum eru 7 talsins með aukaaðild. Við viljum bjóða nýja meðlimi hjartanlega velkomna í félagið.

Störf félagsins voru með hefðbundnum hætti á árinu og voru haldnir reglulegir stjórnarfundir ásamt nefndarfundum varðandi aðkallandi verkefni. Síðasta ár var okkur erfitt fjárhagslega, sérstaklega vegna útskriftarferðar sem kostaði félagið 1,2 milljónir í tap. Með aðhaldi í rekstri félagsins í heild tókst að snúa þessu við og erum við sáttir með niðurstöðu þessa árs.

Agnar Már Jónsson starfaði sem framkvæmdastjóri á árinu og sá hann um að framfylgja ákvörðunum stjórnar, daglegan rekstur, fjáröflun í samstarfi við atvinnulífið og aðstoð við daglegan rekstur golfkennaraskólans. Agnar er mikilvægur hlekkur í félaginu okkar og viljum við þakka honum vel unnin störf á árinu og þökkum við fyrir það að njóta starfskrafta hans næsta árið að minnsta kosti.

### Verkefni stjórnar árið 2010

Stjórn PGA var með nokkur mál á skipuriti árið 2010 og munu flest þeirra líta dagsins ljós árið 2011. PGA er með mann í nefnd sem endurskipuleggur afreksmál og afreksstefnu Golfsambands Íslands og er sú vinna vel á veg kominn og í góðum farvegi. Björgvin Sigurbergsson situr í þessum vinnuhópi fyrir okkar hönd.

### Þekkingarsmiðja PGA

Þekkingarsmiðja PGA hefur staðið fyrir 3 fyrirlesturum. Magnús Birgisson reið á vaðið með bókakynningu, þá kom Andrés Davíðsson með fyrirlestur um allt það nýjasta varðandi áhöld og kylfusmíði. Nú í desember kom Sturla Höskuldsson heim frá Svíþjóð og hélt fyrirlestur og námskeið í stutta spilinu. Þetta tók Sturla saman eftir 3 daga endurmenntun hjá sænska PGA og var almenn ánægja með



þetta framtak hjá Sturlu. Við stefnum á að halda 5 fyrirlestra á þessu ári og var sá fyrst nú í morgun.

### Greinar í PGA á Íslandi



Meðlimir PGA hafa af og til skrifað kennslugreinar í Golf Á Íslandi. Nú höfum við gert samkomulag um að skrifa grein í hvert blað á næsta ári. Við sendum út póst til félagsmanna og voru viðbrögðin nokkuð góð. Það er búið að manna blöðin fram yfir landsmótsblað og viljum við þakka þeim sem buðu sig fram í að skrifa greinar fyrir félagið. Einnig er þetta kjörin vettvangur til að koma sér á framfæri því þetta blað er gefið út í um 16.000 eintökum.

### Samningur við Hole In One

PGA gerði á árinu samning við golfverslunina Hole in One. Samningurinn hljómar þannig að PGA meðlimir geta pantað nafnspjöld frá búðinni með sínu nafni á. Þetta nafnspjald veitir viðskiptavininum 10% afslátt í búðinni og PGA meðlimurinn fær 5% af afslættinum sem inneign í búðinni. Mínir kúnnar hafa verið mjög glaðir að fá þetta kort og hvet ég ykkur til að nýta ykkur þetta ef þið gerið það ekki nú þegar.



### Vottun æfing svæða

PGA ákvað snemma á þessu ári að byrja að meta æfing svæði landsins. Þessi vinna er að klárast og vonumst við til að geta ýtt þessu í framkvæmd fyrir sumarið. Við teljum að það mikilvægt að æfing svæði landsins séu metin með stjörnu gjöf og maður skyldi ætla að klúbbar leggji metnað í að næla sér í sem flestar stjórnur. Til þess að fá vottun frá PGA, og þar með 1 stjörnu, þarf tiltekið æfing svæði að uppfylla lágmarkskröfur varðandi lengd, breidd, öryggi og fleira. Ástæða þess að við teljum þetta mikilvægt er sú að þetta er jú okkar vinnustaður. Jóhann Hjaltason mun fara nánar yfir þetta undir liðnum önnur mál.

### Fríspil PGA meðlima

Undanfarin ár hefur PGA sent vinsamlegt bréf til allra klúbba á landinu varðandi það að leyfa okkar félagsmönnum að spila velli landsins endurgjaldslaust. Flestallir klúbbar tóku mjög vel í beiðni okkar og buðu okkur velkomna. Aðrir takmörkuðu fjölda hringja og viljum við færa öllum þeim klúbbum þakkir fyrir að taka vel á móti okkar félagsmönnum. Þeir klúbbar sem voru ekki hrifnir af þessu voru flestallir pirraðir úti ofnotkun á GSÍ kortum og settu okkur undir sama hatt. Við báðum nokkra aðila að skoða notkun PGA korta árið 2009 og þá sáu menn að PGA kennarar eru ekki að nota kortin mikið enda flestir með mikið að gera yfir sumartímann. Það var aðeins einn golfklúbbur sem neitaði PGA félögum um fríspil eða afslátt og var það Golfklúbbur Akureyrar. Ástæða neitunarinnar var sögð vera vegna þess hversu ódýrt það er að spila á Akureyri. Ég vil biðja ykkur félagsmenn góðir að ýta undir það í ykkar klúbbum að tekið verði vel á móti PGA félagsmönnum og minni á að upplýsingar um PGA kortin þurfa að berast til þeirra sem bóka rástíma og taka við greiðslum. Einnig vil ég minna ykkur á að láta vita fyrirfram að þið séuð með PGA kort. Við höfum því miður heyrt nokkur dæmi um að

félagsmenn mæti og ætli að spila fyrirvaralaust á PGA kortin. Við verðum að sýna kurteisi í alla staði ef við viljum láta taka okkur alvarlega.

### Vefmál

Vefurinn okkar [www.pga.is](http://www.pga.is) hefur ekki verið uppfærður um langt skeið en vefumsjónarkerfið hefur ekki virkað og vefurinn því í raun ónothæfur. Stjórn PGA fól Agnari að finna aðrar lausnir á vefmálum félagsins og er það ferli vel á veg komið. Agnar mun sýna okkur afraksturinn hér á eftir. Þetta verður vonandi til þess að samskipti félaga verða betri og að vefsíðan verði sýnilegri fyrir hinn almenna kylfing.

### Mótamál

PGA á Íslandi hélt hið árlega Pro-am mót í samstarfi við GKG. Mótið fór fram 11. Júní og heppnaðist í alla staði vel. Við fengum 13 lið til að taka þátt en það var aðeins undir væntingum. Sennilega var tímasetningin ekki nægilega góð því boðsmót Icelandair var sama dag. Við ætlum að halda þetta mót í ár og erum við að gæla við að halda þetta mót hjá Golfklúbbnum Keili. Úrslit hjá prónum voru eftirfarandi:



1. Sigurpáll Sveinsson
2. Magnús Lárusson
3. Birgir Leifur/Hlynur Geir

Meistaramót PGA var haldið í september hjá Golfklúbbnum Keili. 23 Meðlimir mættu til leiks, sem er mikil fjölgun frá árinu 2009 og var áætlað að spila 18 holur. Veðrið versnaði mikið eftir 9 holur og var ákveðið að spila 12 holur. Ljóst var að 12. holan gat ekki talið því síðasta hollíð gat ómögulega klárað hana vegna hvassviðris. Mér skylst að þetta atvik á 12. Holu hafi verið mjög fyndið á að horfa. Kosið var um hvort 11 holur myndu telja eða hvort halda skyldi mótið aftur 2 vikum seinna. Niðurstaðan var sú að 11 holur skyldu telja og voru úrslitin eftirfarandi.

1. Ólafur Jóhannesson
- 2-3 Hannes Eyvinds/Úlfar Jónsson

Um kvöldið bauð svo PGA keppendum í mat og á veitingastaðinn Hornið í miðbæ Reykjavíkur þar sem við áttum saman mjög skemmtilegt kvöld.

### Árleg ráðstefna ásamt aðalfundi PGA í Evrópu.

World Cup mótið hefur breyst þannig að það er einingis haldið annaðhvert ár og var því ekki haldið á síðasta ári. Stjórn PGA fannst nauðsynlegt að senda lið á ITC ( International Team Championship) sem er mót haldið samhliða ársfundi PGA. Þátttökurétt hafa PGA meðlimir sem hafa lokið námi við viðurkenndan PGA skóla. Stjórn PGA valdi sigurvegarana úr mótunum sem PGA hélt og svo Ívar Hauksson. Liðið náði sér enganveginn á strik og enduðu í 24. sæti af 25 þjóðum. Það var hinsvegar mat stjórnar að það sé nauðsynlegt að senda lið á þetta mót í framtíðinni því þetta er frábær vettvangur til að kynnast collegum okkar í Evrópu og fá smjörþefinn af því hvernig hinar þjóðirnar eru



Lið Íslands á ITC. Óli Jó – Ívar – Sigurpáll

að vinna sín mál. Stjórn PGA hefur ákveðið að breyta fyrirkomulaginu á meistaramóti PGA og setja skýrar reglur um hvernig sé valið í lið PGA sem fer á ITC á næstu árum og mun Ingi Rúnar Gíslason fara yfir þau mál ásamt nýju liðamóti PGA undir liðnum önnur mál.

### Íslenska mótariðin

PGA meðlimir voru nokkuð duglegir að sækja íslensku mótariðina á síðasta ári. Hæst ber auðvitað árangur Birgis Leifs en hann varð Íslandsmeistari bæði í högggleik og holukeppni. Þar með sannaði hann enn einu sinni að hann er okkar fremsti kylfingur í dag. Björgvin Sigurbergsson fór til Eyja að mynda fugla og vann í leiðinni 1. stigamót ársins. Hlynur Geir Hjartarson sigraði á stigamóti sem fram fór á Urriðavelli. Hlynur spilaði jefnbest allt sumarið og endaði á því að hampa stigameistaratitlinum eftirsóttu. Við viljum óska þeim til hamingju með sigrana á síðasta ári.



### Úrtökumótin

Það voru 3 PGA meðlimir sem tóku þátt í úrtökumótum fyrir evrópsku mótariðin. Hannes Eyvinds og Einar Long reyndu fyrir sér á úrtökumóti fyrir öldungamótariðina í Portúgal. Einar endaði í 51. sæti og Hannes í því 76. Þeir félagar komust ekki áfram en þessi reynsla fer í bankann og mun koma sér til góðs ef þeir reyna aftur. Birgir Leifur Komst beint inná 2. stigið og stóð sig þar frábærlega. Hann endaði mótið í 2-3 sæti við mjög erfiðar aðstæður og komst auðveldlega inná lokastigið. Birgir byrjaði 3. stigið afar illa og eftir það þurfti algjörlega allt að ganga upp til þess að ná inná aðaltúrinn aftur. Það gekk því miður ekki eftir en árangur hans ætti að veita honum rétt til að spila á Áskorendamótariðinni árið 2011. Stjórn PGA óskar Birgi velfarnaðar og vonandi tekst honum að sýna hvað í honum býr á þessu ári.

### Að lokum

Árið 2010 var gott ár fyrir PGA á Íslandi. Við teljum að PGA á Íslandi sé að verða öflugra félag með hverju árinu en betur má ef duga skal. Ég vil þakka stjórn PGA á Íslandi fyrir vel unnin störf á árinu þar sem verkefni voru bæði skemmtileg og krefjandi. Við erum lítið en öflugt félag með mjög verðmætan stimpil á okkar nafni og nú ber okkur að standa vörð um félagið okkar og sjá til þess að það haldi áfram að öðlast virðingu innan golfgeirans.

Með vinsemd og virðingu

Sigurpáll Geir Sveinsson, formaður PGA á Íslandi